

List fyrir alla - Að skynja umhverfið

Höfundar fjarkennsluefnis: Ásta S Ólafsdóttir, Marta María Jónsdóttir og Ragnheiður

Guðmundsdóttir, nemendur við listkennsludeild Listaháskóla Íslands

Nemendahópur: 8. - 10. bekkur. Fjöldi nemenda í hópi um það bil 10 -14. Miðað er við smiðju eða valnámskeið.

Kennsluáætlun

Hæfniviðmið - nemendur geti:

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta
- Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu

Lykilhæfniviðmið - tjáning og miðlun

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt.
- Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni, flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og taka ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Hæfni nemenda til að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

Námsmarkmið

- Upplifa náttúru í nærumhverfi
- Upplifa náttúru og kyrrð í hugleiðslu
- Rannsaka nærumhverfi
- Skrásetning á upplifun og rannsóknum
- Skissur
- Vatnslitun
- Læsi á eigið umhverfi með skynjun, greiningu og túlkun
- Upplýsinga- og miðlalæsi á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.

Rökstuðningur

Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. (Aðalnámskrá grunnskólanna, 2013, bls. 150). Tilgangur verkefnis er að nemendur tengi við eigin reynslu og þjálfist í að lesa, túlka og skrásetja upplifanir úr nærumhverfi sínu með fjölbreyttum hætti. Í þessum verkefnum eru nemendur þjálfaðir í mismunandi nálgun í að skynja náttúru og umhverfi. Í gegnum þá reynslu skrásetja þau hjá sér upplifun sína með ljósmyndum, texta, hljóðum, skissum ofl. Úrvinnslan eru vatnslitaverkefni sem þau skapa út frá eigin reynslu og skriflegar íhuganir sem þau senda til kennara. Þar sem verkefnið er unnið í fjarkennslu, þjálfar það einnig nemendur í að afla upplýsinga, ígrunda upplifanir sínar, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð á eigin námsframvindu. Í upphafi hvers tíma er farið yfir hvernig hefur gengið í samtali við nemendur, sem gefur upplýsingar um stöðu þeirra og hvort þeir þurfi frekari aðstoð eða örvun í verkefninu. Kennari gefur síðan hverjum nemanda persónulega endurgjöf fyrir hvert skilað verkefni í gegnum tölvupóst. Nemendur þjálfast einnig í að nýta sér tækni til upplýsingaöflunar með því að nota síma eða ípad fyrir ljósmyndir og hljóðupptökur ásamt því að senda úrvinnslu námsefnis í gegnum tölvu og taka þátt í tímum og samræðum í fjarkennslu á Teams.

Kennslugögn

- Kennari og nemendur þurfa að hafa aðgang að Teams og tölvupósti.
- Nemendur þurfa að hafa vatnslitapappír, vatnsliti, pensla, vatn í krukku, málningateip og þurrkur við hendina.
- Skissubók eða efni til að búa til sína eigin bók og skriffæri
- Snjallsími eða lpad f. mynda- og hljóðupptökur. Myndavél, hljóðupptökutæki.
- Kennari setur allt kennsluefni inn á Teams (í Files). Þar geta nemendur nálgast glærukynningu, ítarefni, kennslumyndbönd, hugleiðslu og verkefnalýsingar fyrir hvert verkefni þar sem koma fram nákvæmar lýsingar á verkefnum og skilum.

7 x 80 mínútna kennslustundir

- Sjónarhorn og vatnslitir (2 x 80 mín)
- Hugleiðsla og vatnslitir (1 x 80 mín)
- Skynjun og vatnslitir (hljóð, lykt og sjón) (3 x 80 mín)
- Sameiginleg yfirferð á verkum og samræður milli nemenda og kennara á Teams (1 x 80 mín)


Námsmat

- Frammistöðumat - sjá gátlista neðst í skjali.
- Ígrundun og sjálfsmat í lok hverrar kennslustundar. Er hugsað sem sjálfsskoðun fyrir nemandann og tæki til eftirfylgni fyrir kennarann. Kennari skilar endurgjöf til nemandans en ekki einkunn. Kennari leggur ígrundun og sjálfsmat fyrir í lok hverrar kennslustundar:
 - Nemandi segi frá því í mjög stuttu máli hvernig hafi gengið að skilja verkefnið og lýsi upplifun sinni á kennslustund.
 - Nemandi spyr sig: Vann ég vel og fylgdi fyrirmælum?
 - Nemandi sendir kennaranum sínum ígrundun og sjálfsmat í tölvupósti, ásamt 3-5 ljósmyndum af verkefninu sínu.

Sjónarhorn og vatnslitir I (fyrsti dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Veita umhverfi sínu; náttúru og borgarlandslagi athygli
- Er hægt að lesa handan þess sem virðist augljóst?
- Skoða form, liti, áferðir, efni og mynstur
- Læra mismunandi aðferðir við vatnslitun



Hvað gerir kennari?:

- Nemendur og kennari hittast á Teams. Allir kynna sig og kennari fer yfir helstu atriði Teams. Ísbrjótur: Stuttur leikur þar sem allir velja sér eina ofurhetju eða teiknimyndapersónu, sem táknar tilfinninguna fyrir því að hella sér út í ný og framandi verkefni.
- Teams fundur: Kennari útskýrir tilgang og markmið námskeiðsins í heild sinni. Kennarinn fer yfir uppbyggingu kennslustunda og verkefnaskil. Hvað sé ætlast til af nemendum. Einnig útskýrir hann hugtakið ígrundun og fer yfir sjálfsmatsspurningu sem nemendur svara og skila í lok hvers tíma.
- Kennarinn leggur inn fyrsta verkefnið og sýnir ljósmyndir og hlekki af glærum. Glærुकyning: Thoreau og hugmyndafræði hans út frá Walden eða Lífið í skóginum.
- Sýnir nemendum kennslumyndband sem sýnir hvernig má búa til einfalda skissubók úr pappír og efni sem er við hendina, t.d. ljósritunarpappír, endurvinnslupappír, gömlum bókum, kössum af morgunkorni o.s.frv. Nemendur mega einnig nota skissubækur sem þeir eiga eða það sem hentar þeim. Einnig má nota gamlar bækur.
- Leiðbeinir nemendum um að hafa vatnslitapappír, vatnsliti, pensla, vatn í krukku, málningateip og þurrkur við hendina.
- Leiðbeinir nemendum að fara í göngutúr um hverfið sitt og finna eitthvað í umhverfinu sem þeim finnst áhugavert að stækka upp og grandskoða. Nemendur mega nota skissubók, myndavélar (síma) en eiga að skrifa nokkrar línur um hvert myndefni. Göngutúrinn mætti taka um 40 mínútur.

Kennslumyndband: Hvernig hægt er að gera einfalda skissubók (sjá glærum)

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur: Nemendur horfa á innlögn kennarans og taka inn tilgang og markmið námskeiðisins. Hér geta nemendur spurt kennarann ef þeir hafa spurningar varðandi verkefnið og kennsluna.
- Horfa á glærum og kennslumyndband og útbúa skissubók.
- Ganga um hverfið sitt og rannsaka og finna spennandi staði og sjónarhorn til að stækka upp í skissubók og/eða taka ljósmyndir af. Veita athygli því smáa, áferðum, litum og formum. Nemendur skrá hjá sér punkta sem tengjast myndefninu.
- Nemendur koma aftur til baka heim og hefja vinnu. Þeir velja 3-5 myndir og skila inn ásamt texta. Textinn má vera lýsing á myndefninu og hvernig það breytist þegar það er stækkað upp. Textinn má líka vera persónuleg hugleiðing, setningar, örsaga eða ljóð. Myndirnar eru síðan hugsaðar til þess að styðjast við og útfæra vatnslitaæfingar á pappír.
- Nemendur skila kennara í tölvupósti: 3-5 myndum, texta/stuttri ígrundun; hugleiðingu, setningum, örsögum eða ljóði - frjálst val, ásamt sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?

Sjónarhorn og vatnslitir II (annar dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Veita umhverfinu athygli
- Er hægt að lesa handan þess sem virðist augljóst?
- Skoða form, liti, áferðir, efni og mynstur
- Læra mismunandi aðferðir við vatnslitun




Hvað gerir kennari?:

- Teams fundur: Kennari hittir nemendur og fer yfir með nemendum hvernig hafi gengið með fyrsta verkefni. Svarar spurningum og aðstoðar.
- Kennarinn talar aðeins aftur um markmið verkefnisins og sýnir kennslumyndbönd í vatnslitun. Nemendur fá myndböndin líka send inn á Teams og geta horft á þau sjálfir aftur.
- Leiðbeinir nemendum um að hafa vatnslitapappír, vatnsliti, pensla, vatn í krukku, málningateip og þurrkur við hendina.
- Útskýrir fyrir nemendum að þeir skili verkefnum til hans í tölvupósti í lok dags.

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur: Nemendur hitta kennarann og segja aðeins frá hvernig hafi gengið í fyrsta verkefninu og ef einhver vandamál hafi komið upp og ef þeir eru með spurningar.
- Nemendur klára verkefni síðasta tíma: að velja myndir og vinna texta
- Horfa á kennslumyndbönd í vatnslitun og gera æfingar út frá þeim
- Taka myndir af vatnslitaæfingunum.
- Nemendur skila kennara í tölvupósti: 2-3 myndum af vatnslitaæfingum ásamt stutttri ígrundun að eigin vali og sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?

Vatnslitamyndbönd: Kynning á vatnslitum: blautt í blautt & blautt á þurrt // Flæði og litablöndur // Styrkur litarins // Línur og lauf // Línur og blóm



Hugleiðsla og vatnslitir (þriðji dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Draga athyglina inn á við
- Upplifa náttúruna í gegnum slökun
- Fara í ferðalag um íslenska náttúru í slökun og upplifa sig sem hluta af náttúrunni
- Æfa sig í að slaka á og gefa alveg eftir í líkama og huga
- Tjá upplifun í gegnum vatnsliti

Hvað gerir kennari?:

- Teams fundur. Kennari útskýrir tilgang verkefnisins og markmið kennslunnar.
- Sýnir kennslumyndband.
- Útskýrir hvernig vatnslitapappír og öll áhöld þurfa að vera tilbúin á vinnuborði áður en farið er í slökunina.
- Útskýrir Savasana jókastöðuna - líkstöðuna. Hún er kölluð það vegna þess að við liggjum alveg grafkyrr og smám saman hægist mjög á andardrætti. Leggjast á bakið, bil á milli fótleggja, handleggir út frá síðunum og lófar upp í loft, leggja höfuð á neðsta hluta höfuðkúpunnar og slaka á kjálka. Anda inn og út um nefið. Gott að breiða mjúkan klút yfir augun til að loka á birtu, og ennþá betra að vefja klútnum aftur og undir höfuðkúpuna. Ekki hafa hátt undir höfði. (Þessar leiðbeiningar eru líka í slökuninni/hugleiðslunni sjálfri, en gott aðeins að fara yfir atriðin á fundinum.)
- Leiðbeinir hvernig á að setja slökunina af stað - hvar má finna tengilinn.
- Leiðbeinir að eftir slökun á að setjast strax við vinnuborðið og mála það sem nemandi upplifði í slökuninni. Þá þarf allt að vera tilbúið á borðinu.

Vatnslitamyndband: Hringir – flæði (tengill á glæru)



Slökunarupptaka: Slökun í íslenskri náttúru - tengill á glæru

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur. Nemendur hittast á Teams og hlusta á innlögð kennarans og fá fyrirmæli um verkefni tímans. Hér geta nemendur spurt kennarann ef þeir hafa spurningar varðandi verkefnið og kennsluna.
- Strax eftir fund með kennara þá horfa nemendur á vatnslitamyndband: Hringir - hugleiðsla (tilbúið inni í Files á Teams).
- Taka til allt efni og hafa tilbúið á vinnuborði.
- Svo kveikja nemendur á slökunarupptökunni, koma sér vel fyrir, og leggjast á teppi eða dýnu á gólfinu.

- Eftir slökun/hugleiðslu má ganga í rólegheitum að vinnuborði, án þess að tala eða láta trufla sig, og byrja að tjá upplifun sína á vatnslitapappírinn. Aðferðin er frjáls en gott að leyfa litunum að flæða inn í hvern annan eins og sýnt var í myndbandi.
- Nemendur skila kennara í tölvupósti: 2-3 myndir af vatnslitaæfingum ásamt stuttri ígrundun að eigin vali og sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?

Náttúruskynjun og vatnslitir I - Hljóð (fjórði dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Veita náttúru og umhverfi í nánasta umhverfi athygli
- Taka eftir hljóðum í umhverfinu og náttúrunni og skrásetja í orðum og myndum og geta nýtt sér hljóðupptökur á síma.
- Skoða form og liti, áferðir og efni
- Nýta sér hljóðskynjun í að túlka með vatnslitum á sjónrænan hátt.



Hvað gerir kennari?:

- Teams fundur. Kennari útskýrir tilgang verkefnisins og markmið kennslunnar.
- Sýnir glærur og kennslumyndband. Bendir þeim á að nýta sér hugleiðslutæknina í að veita því athygli sem þau upplifa í því að hlusta á hljóð úti í náttúrunni með lokuð augun og skrá hjá sér liti og annað sem kemur upp.
- Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þeir þurfa ekki að endurgera það sem sýnt er í vatnslitamyndbandinu heldur sýna þau aðferðir sem þau geta prófað og þróað hver með sínu höfði. Hann hvetur nemendur til að vera skapandi og nota ímyndunaraflíð og gera tilraunir.
- Ábendingar á græna staði í nærumhverfinu sem hægt er að fara á til að vinna verkefnið.
- Farið yfir hvernig hægt er að taka upp hljóð í síma.
- Áætlaður tími fyrir verkefnið skoðaður sem getur tekið 40-60 mínútur, eftir staðsetningu upptökunnar.

Vatnslitamymbönd: Ólíkar aðferðir við að hugsa um hljóð á sjónrænan hátt í vatnslitun // Teipaðferðin (tenglar á glærum).

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur. Nemendur hittast á Teams og hlusta á innlögn kennarans og fá fyrirmæli um verkefni tímans. Hér geta nemendur spurt kennarann ef þeir hafa spurningar varðandi verkefnið og kennsluna.
- Nemendur fara í göngutúr og velja sér stað þar sem þeir setjast niður og loka augunum og hlusta á hljóðin í umhverfinu.
- Nemendur taka upp hljóð, upplifa og skrá niður það sem kemur upp. (hljóð, litir, áferð, litir, form, birta, veður, hiti, kuldi, tilfinning eða hvað sem kemur til þeirra)

- Eftir göngutúrinn koma þeir heim og gera vatnslitaæfingar eftir hljóðunum og þau sem tóku upp hljóðin geta hlustað á upptökuna á meðan þau vinna.
- Nemendur gera stutta lýsingu, ljóð eða skrifa setningar á upplifunum eða tilfinningum sem komu upp við gerð verkefnis. Frjálst val.
- Nemendur skila kennara í tölvupósti: hljóðupptökum td 3 x 1mín, textanum og ljósmyndum af 2-3 vatnslitaæfingum ásamt stuttri ígrundun að eigin vali og sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?

Náttúruskynjun og vatnslitir II - Lykt (fimmti dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Veita því athygli hvernig lykt í umhverfinu getur haft áhrif á skynjun okkar á litum og tilfinningum.
- Að veita lykt athygli í náttúru og nærumhverfi og skrásetja það hjá sér í orðum og myndrænt.
- Skoða form og liti, áferðir og efni.
- Að nýta sér lyktarskynið í að túlka með vatnslitum á sjónrænan hátt.

Hvað gerir kennari?:

- Teams fundur. Kennari útskýrir tilgang verkefnisins og markmið kennslunnar.
- Sýnir glærur og kennslumyndband.
- Bendir þeim á að nýta sér hugleiðslutæknina í að veita því athygli sem þau upplifa í því að finna lykt úti í náttúrunni með lokuð augun og skrá hjá sér liti og annað sem kemur upp.
- Ábendingar á græna staði í nærumhverfinu sem hægt er að fara á til að vinna verkefnið.

Vatnslitamyndband: Tilraunir // Hvernig við getum hugsað lyktir á sjónrænan hátt í vatnslitun (tengill á glærum).

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur. Nemendur hittast á Teams og hlusta á innlögð kennarans og fá fyrirmæli um verkefni tímans. Hér geta nemendur spurt kennarann ef þeir hafa spurningar varðandi verkefnið og kennsluna.
- Nemendur fara í göngutúr og finna amk. þrjá ólíka hluti, efni sem lykta á ólíkan hátt.
- Nemendur skrifa niður í skissubók hver hluturinn er, reyna að lýsa lyktinni í orðum og finna lit/liti sem þeim finnst passa við lyktina. Þeir geta líka tekið efnið/hlutinn með sér heim til að vinna út frá.
- Þeir vatnslita eða teikna síðan mynd af lyktinni en ekki hlutnum sjálfum. Myndin má vera óhlutbundin.
- Nemendur gera stutta greinargerð; hugleiðingu, orð, ljóð eða skrifa setningar á upplifunum eða tilfinningum sem komu upp við gerð verkefnis. Frjálst val.
- Nemendur skila kennara í tölvupósti: ljósmyndum af 2-3 vatnslitaæfingum ásamt texta/stuttri ígrundun að eigin vali og sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?

Náttúruskynjun og vatnslitir III - Sjón (sjötti dagurinn 80 mín)

Markmið kennslustundar

- Veita umhverfinu athygli.
- Er hægt að lesa mismunandi form, liti og áferðir á himninum?
- Taka eftir samræmi í birtu og litum á himni og hafi/vatni ef það er til staðar.
- Að skrásetja og taka eftir breytingum á sama stað á **mismunandi tíma - frjálst val**.

Hvað gerir kennari?:

- Teams fundur. Kennari útskýrir tilgang verkefnisins og markmið kennslunnar.
- Sýnir glæsur og kennslumyndband.
- Bendir á að fylgjast með örum breytingum á birtu, litum, áferðum og formum skýja.
- Veita athygli hvernig samræmi er á litum á himni og hafi/vatni sem himininn speglar í.
- Hvetur nemendur til að skrá þá liti sem þeir sjá og athuga hvort þeir finni liti eins og Magenta (rauðbleikan), Yellow Ochre (gulbrúnan), fjólubláa og mismunandi bláa og gráa tóna.
- Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þeir þurfa ekki að endurgera það sem sýnt er í myndbandinu heldur eru þau einungis til viðmiðunar og síðan mega þeir vinna út frá eigin reynslu. Myndböndin kenni tækni sem þeir geti nýtt sér á sinn hátt. Hann hvetur nemendur til að vera skapandi og prófa sig áfram og gera tilraunir.

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur. Nemendur hittast á Teams og hlusta á innlögn kennarans og fá fyrirmæli um verkefni tímans. Hér geta nemendur spurt kennarann ef þeir hafa spurningar varðandi verkefnið og kennsluna.
- Nemendur fara í göngutúr og rannsaka himininn og haf með tilliti til lita og birtu. Þeir taka myndir, skissa og skrá hjá sér punkta eða eitthvað sem tengist viðfangsefninu eða verður á vegi þeirra. Hér má líka skoða allt sem við sjáum í hæstu augnhæð. Hvað ber við himininn.
- Eftir göngutúrinn koma þeir heim og gera vatnslitaæfingar út frá upplifun sinni. Þeir horfa á vatnslitamyndband og æfa sig í að blanda ólíkar litblöndur og mismunandi áferðir, himins og skýja. Nemendur skoða ljósmyndirnar sínar og vinna út frá eigin reynslu.
- Nemendur senda kennaranum í tölvupósti: 2-3 ljósmyndir af vatnslitilauninum og 3-5 ljósmyndir sem þeir tóku í göngutúrnum eða skissur ásamt stuttri ígrundun að eigin vali og sjálfsmati: Vann ég vel og fylgdi ég fyrirmælum?.

Vatnslitamyndband: Ský - tengill á glæru

Náttúruskynjun og vatnslitir - yfirferð (sjöundi dagurinn 80 mín)

Hvað gerir kennari?:

- Kennari býður nemendum að hittast á Teams í lokayfirferð.
- Nemendur hvattir til að tjá sig um verkið sem þau völdu til yfirferðar.
- Kennari hvetur nemendur til að spjalla um og tjá sig um verkin og textana í samræðu á uppbyggilegan hátt.

Hvað gera nemendur?:

- Teams fundur. Nemendur hittast á Teams í lokayfirferð.

- Nemendur velja eitt verk úr innsendum vatnslitamyndum frá verkefnunum ásamt texta að eigin vali og deila inná Teams.
- Hver nemandi tjáir sig í stuttu máli um verk sitt, 3-5 mín., fyrir samnemendum sínum og kennara.
- Nemendur tjá sig í samræðu um verk samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt og lögð er áhersla á virka hlustun og virðingu fyrir verkum annarra.

Matskvarði fyrir námsmat

Hvaða hæfni þarf að sýna?	Einkunn
<p>Sköpun og vinnusemi Nemandi getur unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. Nýtir sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og sér í þeim nýja möguleika.</p> <p>Tjáning og miðlun Nemandi tjáir hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Miðlar þekkingu og leikni sinni, flytjur mál sitt skýrt og áheyrilega, og tekur þátt í samræðum og rökræðum. Gagnrýnir af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.</p>	A
	B+
<p>Sköpun og vinnusemi Nemandi getur unnið að mestu sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar. Skrásett og sett fram hugmyndir byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. Nýtir sér að nokkru leyti mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt.</p> <p>Tjáning og miðlun Nemandi tjáir oftast hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Miðlar þekkingu og leikni sinni, flytjur mál sitt oftast skýrt og áheyrilega, og tekur þátt í samræðum og rökræðum að nokkru leyti. Gagnrýnir af nokkurri þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.</p>	B
	C+
<p>Sköpun og vinnusemi Nemandi á erfitt með að vinna sjálfstætt í vinnuferlinu og sýnir lítið frumkvæði. Sýnir lítið frumkvæði í að skrásetja og setja fram hugmyndir byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. Nýtir sér sjaldan mistök og óvæntar niðurstöður, og lærir ekki af þeim.</p> <p>Tjáning og miðlun Nemandi á erfitt með að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Miðlar þekkingu sinni, en flytjur mál sitt ekki nægjanlega skýrt, og tekur sjaldan þátt í samræðum og rökræðum. Gagnrýnir sjaldan eigin verk og annarra og hefur ekki skoðun. Á erfitt með að tengja eigin vinnu við námsefnið.</p>	C
<p>Nemandi nær ekki matsviðmiðum sem tilgreind eru fyrir einkunnina C.</p>	D

Heimild:

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.